23.01.2020

UPPLÝSINGAR UM ÖRUGGA MEÐHÖNDLUN

Harpixhreinsir



Birta öryggisblað

Merkiorð	Hætta
Hættusetningar	H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða. H290 Getur verið ætandi fyrir málma.

Almennt

Vörunúmer	1628204, 1628206
Notkun efnis / blöndu	AISE-P801 - Hreinsiefni fyrir matvælaiðnað. CIP (Cleaning In Place).

Skyndihjálparaðferðir

Almennt	Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart. Sýnið þetta öryggisblað.
Innöndun	Ef viðkomandi á erfitt með öndun skal flytja hann í ferskt loft og láta hann hvílast í stellingu sem léttir öndun. Leitið umsvifalaust læknis
Snerting við húð	Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun. Leitið læknis.
Snerting við augu	Lyftið augnlokunum og skolið tafarlaust með nógu af vatni. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Leitið læknishjálpar tafarlaust! Haldið áfram skolun á leiðinni á slysavarðstofu.
Inntaka	Skolið munninn vandlega. Drekkið nokkur glös af vatni eða mjólk. Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.
Bráð einkenni og áhrif	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða Inntaka: Veldur alvarlegum ætisárum í munni, vélinda og maga. Innöndun: Leitið læknisráðgjafar ef óþæginda verður vart.
Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk	ÆTANDI EFNI: Inniheldur VÍTISSÓDA

Hlífðarbúnaður

Tákn	
Viðeigandi augnhlífar	Öryggisgleraugu skulu vera með hliðarhlífum.
Handhlífar	Notið hlífðarhanska.
Húð- / handhlífar, langvarandi snerting	Bútýlgúmmí: Gegndræpi: >= 480 mín Þykkt: >= 0,7 mm
Viðeigandi efni	Bútýlgúmmíi. Nítrígúmmí Klóróprengúmmíi. Pólývínylklóríði (PVC). Gúmmíi (náttúrulegu, latexi).
Öndunarvernd	Öndunarbúnaðar er ekki þörf við venjulegar aðstæður.
Ráðlögð tegund búnaðar	Ekki ákvarðað.

Ráðstafanir við slökkvistörf

Viðeigandi slökkvimiðill	Koldíoxíð. Þurrt duft. Vatn. Á stærri eldsvoða skal nota vatn eða alkóhól þolna froðu.
Aðferðir við slökkvistörf	Beitið eðlilegum varúðarráðstöfunum við slökkvistörf og verið í hæfilegri fjarlægð frá eldinum
Hlífðarbúnaður	Notið öndunarhlífar Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.

Rástafanir vegna losunar eða efnaleka

Varúðarráðstafanir einstaklings	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar. Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.
Umhverfisráðstafanir	Forðist losun út í umhverfið. Safnið upp því sem hellist niður.
Afmörkun	Geymist í lokuðu íláti

Ábyrgt fyrirtæki

Heiti fyrirtækis	Tandur h.f.
	110 Reykjavík
Land	Ísland
Sími	00354 510 1200
Neyðarsími	112 NEYÐARNÚMER 543-2222 EITRUNARMIÐSTÖÐ